



STARFSLEYFI

Framleiðsla á málningu (neytendavara)

Málning hf.

Dalvegi 18, Kópavogi

Kt.: 450269-4849

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Málningu hf., kt. 450269-4849, fyrir rekstur málningarverksmiðju að Dalvegi 18 í Kópavogi. Málning hf. er hér eftir nefndur rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstri verksmiðjunnar getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé framfylgt og ber umhverfisábyrgð, sbr. gr. 1.9. Starfsemi og frágangur skal vera í samræmi við gildandi deiliskipulag.

1.2 Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimilt að framleiða allt að 2,2 milljónir lítra af málningu og 150.000 lítra af þynnum og 150.000 lítra af lími og lakki á ári í verksmiðjunni.

Rekstraraðila er heimilt að starfrækja verkstæði og aðra þjónustu sem heyrir beint undir starfsemina.

1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit. Umhverfisstofnun getur falið öðrum framkvæmd hluta eftirlits í samræmi við ákvæði greinar 7.4 og 9.1 í reglugerðinni.

Eftirlit felst m.a. í reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspurna og yfirferð gagna sem rekstraraðila ber að skila. Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, vegna kvartana eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á atvinnurekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi sbr. 2. mgr. 18. grein reglugerðarinnar.



1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun)

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skal vera áætlun til staðar til þess að úrgangi, efnum, útbúnaði, tækjum, húsnæði, rekstrarsvæði, geymum, lögnum og menguðum jarðvegi verði ráðstafað á viðurkenndan hátt. Fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætluninni skal alltaf gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif. Varanleg rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara eða þegar ákvörðun liggur fyrir. Þá skal tilkynna um það ef reksturinn hafi verið stórlega skertur, þó ekki sé talin þörf á að virkja áætlunina.

Gera skal Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins viðvart um stöðvunina um leið og eftirlitsaðila.

Við lok rekstrar skal rekstraraðili tilkynna eftirlitsaðila um aðgerðir sínar samkvæmt áætluninni innan þriggja mánaða frá því að þeim lýkur þannig að úttekt geti farið fram á frágangi.

Tilkynna skal áður nefndum aðilum og Kópavogsbæ um gangsetningu hafi rekstur verksmiðjunnar legið niðri eða ef reksturinn er gangsettur eftir að hafa verið stórlega skertur.

1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

Einnig er skylt að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.5
- Ef öryggi við rekstur krefst þess að önnur tækni sé notuð en upphaflega var miðað við í starfsleyfinu
- Ef mengun af völdum rekstrarins er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út eða ef vart verður mengunar sem ekki var gert ráð fyrir við útgáfu leyfisins
- Ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu fánlegu tækni skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað. Við endurskoðun starfsleyfisins skal tekið tillit til þess að kröfur í starfsleyfum séu samræmdar eins og aðstæður gefa tilefni til og jafnræðis gætt. Ef nauðsynlegt reynist að mati eftirlitsaðila getur útgefandi starfsleyfis krafist endurskoðunar starfsleyfisins sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

1.7 Valdsvið og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur.

Eftirlitsaðila er þannig m.a. heimilt að veita tilhlýðilega fresti til úrbóta og veita áminningu sbr. 1. og 2. tl. 1. mgr. 26. gr. laganna.

Sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tilteksins frests er eftirlitsaðila heimilt sbr. 1. mgr. 27. gr. laganna að ákveða rekstraraðila dagsektir eða að láta vinna verk á kostnað rekstraraðila.

Jafnframt er eftirlitsaðila heimilt sbr. 3. tl. 1.mgr. 26. gr. laganna, ef um alvarleg tilvik eða ítrekuð brot er að ræða, eða sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tilteksins frests, að stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila, eða afturkallað starfsleyfið.

Telji Umhverfisstofnun að um alvarlega hættu sé að ræða, og aðgerð þoli enga bið, er stofnuninni heimilt að stöðva rekstur til bráðabirgða þegar í stað og tilkynna það heilbrigðisnefnd svæðisins sbr. 29. gr. laganna.

1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði XI. kafla reglugerðar nr. 785/1999, og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við VI. kafla reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit. Rekstraraðili og Umhverfisstofnun skulu kynna almenningi niðurstöður samráðsfundar sbr. grein 2.2.

Umhverfisstofnun birtir niðurstöður skv. grein 1.3 og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti.

1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

2. STARFSHÆTTIR

2.1 Starfshættir og umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við reksturinn. Í því felast aðgerðir til að draga úr hugsanlegum umhverfisáhrifum og að draga sem mest úr því álagi á umhverfið sem starfsemi verksmiðjunnar veldur, þ.m.t. varðandi starfshætti, hávaða, alla meðferð úrgangs og förgun. Rekstraraðili skal stuðla að góðri nýtingu efna og því að losun mengunarefna frá verksmiðjunni verði eins lítil og kostur er. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra. Starfsmenn skulu vera þjálfaðir til að bregðast við mengunaróhöppum.

Rekstraraðili skal vera með umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Umhverfismarkmiðin skulu endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

2.3 Verkstjórn

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi og hættulegum efnum að ekki sé hætta á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

Rekstraraðili skal halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

Verkferlar skulu þannig útfærðir að hætta á mengun, þar með talið uppgufun á hvarfgjörnum efnum, sé eins lítil og mögulegt er.

2.4 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

Velji rekstraraðili að reka innra eftirlit sem uppfyllir staðlaðar kröfur er eftirlitsaðila heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti og lækkar þá eftirlitsgjald sem því nemur, sbr. gr. 12.6 í reglugerð nr. 786/1999. Þá er eftirlitsaðila heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti hjá atvinnurekstri sem er með innra eftirlit með ákveðnum eftirlitsþáttum sem eftirlitsaðili hefur samþykkt.

2.5 Áhættumat og viðbragðsáætlun

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.B. í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til Umhverfisstofnunar. Áætlunin skal vera aðgengileg fyrir eftirlitsaðila. Rekstraraðili skal senda Mannvirkjastofnun og Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins afrit af áætluninni.

Viðbragðsáætlun skal endurskoða a.m.k. á fjögurra ára fresti. Hún skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.

2.6 Viðbrögð við mengunaróhöppum

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skal gera nauðsynlegar lagfæringar. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. grein 2.5. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

2.7 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við neyðarlínuna 112.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Jafnframt skal heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogs upplýst um óhappið. Í tilkynningu skal greina eftirlitsaðila frá hættu á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

2.8 Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, að jafnvirði 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004. Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun staðfestingu á tryggingunni þegar þess er óskað.

2.9 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrða sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarpáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota megri aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

3. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu fánlegu tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færir á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal halda neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið í lágmarki (samþættar mengunarvarnir).

Verði breytingar á bestu fánlegu tækni skulu þær taka gildi í samræmi við ákvæði reglugerða og skal það gert ef við á samkvæmt ákvæðum í grein 1.6.

HRÁEFNI OG FRAMLEIÐSLUVÖRUR

3.2 Móttaka og flutningur hráefna

Við flutning á hráefnum skal komið í veg fyrir leka og óþarfa uppgufun efna.

Gott fyrirbyggjandi viðhald skal vera á tækjabúnaði. Geymsla á ætandi efnum skal vera traust og þétt, þola viðkomandi efni og tengjast lekavörn sem getur tekið við efnunum.

3.3 Geymsla efna utandyra

Geymsla hráefna utandyra skal vera á afgangi svæði þar sem óviðkomandi hafa ekki aðgang. Lekavörn (t.d. lekabytta) skal vera til staðar fyrir geymslu ammóníaks á útisvæði.

3.4 Geymsla innandyra

Leysiefni skal geyma við minna en 20°C hita. Geymsla á ætandi efnum skal vera traust og þétt, þola viðkomandi efni og tengjast lekavörn sem getur tekið við efnunum ef geymar gefa sig. Aðskilja skal geymslu sekkja með óuppleystum ætandi efnum frá uppleystum efnum. Ekki skulu vera opin niðurföll í efnageymslu. Heimilt er þó að staðsetja niðurföll sem leitt er í setþró við innkeyrslu í hráefnisgeymslu. Tryggja skal að ekki renni af gólfi í hráefnisgeymslu í þetta niðurföll t.d. með upphækkuðum kanti. Aðstaða fyrir ker undir leysiefni sem notuð eru við skol og þrif á málningarpottum skulu vera með yfirfyllingarvörn og vera í þró án niðurfalls. Ef leysiefni fara í þró eða á gólf skulu þau þrifin upp og meðhöndlað eða fargað á viðeigandi hátt.

LOFT

3.5 Ryk

Rekstraraðili skal gera ráðstafanir sem stuðla að eins lítilli losun mengunarefna til lofts og unnt er. Magn ryks í útblæstri skal ekki vera yfir 25 mg/Nm³ að meðaltali á vinnslutíma.

VATN

3.6 Vatnsnotkun

Nýting á vatni skal vera eins góð og kostur er.

3.7 Skólp og frárennsli

Notuðum leysiefnum skal safnað saman í ílát og afhent til móttökustöðvar eða eimingar. Vatn frá skolun og þrifum á málningarpottum og niðurföllum í verksmiðju skal forhreinsað. Frárennsli úr framleiðslu og hreinsun skal leitt í gegnum tveggja hólfa setþró (fellitanka) og skal seti eða botnfalli úr fremra hólfi dælt reglulega upp í samráði við eftirlitsaðila. Ef grunur leikur á um að lyktsterk efni, t.d. ammóníak og lyktandi leysiefni, hafi farið í hólfið eða þróna skal einnig dæla upp úr þeim. Lyktandi vökva skal fargað og hann ekki losaður í fráveitu. Afla skal samþykkis Umhverfisstofnunar við förgunarleið. Frárennsli sem hér er getið um skal leitt í holræsakerfi Kópavogsbæjar að þessu loknu, sé það laust við lyktsterk efni. Auk þess skal skólp frá hreinlætisaðstöðu og mötuneyti verksmiðjunnar leitt í frárennsliskerfi sveitarfélagsins.

Ganga skal frá efni úr forhreinsun og setþró skv. skilyrðum í gr. 3.11-3.12, þar á meðal skal tryggja að það fari í endurnýtingu eða viðurkennda förgun. Sérstaklega á það við um lyktsterk efni og leysiefni.

3.8 Olúskilja

Frárennsli frá opnum niðurföllum úr þróm birgðatanka, útiporti og áfyllingarplani skal leitt í olúskilju í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 035/1994. Styðjast skal við gildandi staðla um olúskiljur varðandi frágang, eftirlit og viðhald. Skrá skal sérstaklega í rekstrarhandbók alla vinnu við olúskiljur og varnarþrær, þar með talið hvenær opnað, lokað, viðhald búnaðar og þess háttar. Þá skal fylgjast með uppsöfnun í olúskiljur, tæma þær ef á þarf að halda og gengið frá úrganginum í förgun og skv. skilyrðum í gr. 3.11-3.12.

3.9 Kælivatn og regnvatn

Kælivatni, regnvatni úr niðurföllum á lóð, öðrum en tiltekin er í grein nr. 3.7 má veita í drenkerfi ef það inniheldur ekki leysiefni, lyktsterk efni eða olíuefni.

3.10 Frágangur hráefnistanka fyrir lífræn efni

Frágangur á geymum og lögnum skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 035/1994 um varnir gegn olíumengun frá landi. Teikningar, frágangur og mengunarvarnir skulu samþykktar af Umhverfisstofnun. Ef leki kemur að geymi skal tryggt, t.d. með lekavarnarþró að efni sem lekur út fari ekki í frárennsli, en verði endurnýtt eða fargað sem málningar- eða leysiefnaúrgangi. Meðhöndla skal slíkt atvik sbr. 2. kafla starfsleyfisins, sérstaklega greinar 2.6 og 2.7, ef um er að ræða umtalsverðan leka.

Tryggt skal að efni frá mögulegum leka úr geymi geti ekki farið í fráveitukerfi bæjarins, hvorki skólp eða dren.

ÚRGANGUR

3.11 Almennt

Úrgangi skal komið til endurnýtingar eða skipulagðrar förgunar. Rekstraraðili skal skrá allan úrgang sem til fellur við framleiðsluna, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 184/2002, um skrá yfir spilliefni og annan úrgang. Úrgangsmeðhöndlun skal samrýmast lögum nr. 55/2003 og reglugerð nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs.

3.12 Spilliefni og annar úrgangur

Koma skal í veg fyrir myndun úrgangs eins og mögulegt er. Stuðla skal að endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs og aukaafurða. Skila skal til viðurkenndrar spilliefnamóttöku þeim spilliefnum og öðrum úrgangi sem verður til við vinnsluna eða starfsemi sem tengist henni og ekki er hægt að endurvinna eða endurnýta. Ávallt skal gæta þess að ekki safnist upp birgðir af spilliefnum, enda er geymsla þeirra ekki heimil.

ANNAÐ

3.13 Hávaði og titringur

Rekstraraðili skal draga úr hávaða og titringi frá verksmiðjunni eins og kostur er, til dæmis með reglulegum úrbótaverkefnum, og tryggja að hávaði frá starfseminni sé í samræmi við töflu III í viðauka og önnur ákvæði reglugerðar nr. 724/2008, um hávaða.

Eftirfarandi aðgerðir eru dæmi um aðgerðir sem til greina gætu komið sem úrbótaverkefni sbr. 1. málsgrein:

- yfirfara starfshætti til að draga úr hávaða,
- athuga hávaða sem verður til við meðhöndlun hráefna,
- gera skilrúm sem loka hávaða inni,
- tryggja að dyrum og gluggum sé lokað þegar hávaði er mestur.

3.14 Rekstrarsvæði

Umgengni skal vera snyrtileg á rekstrarsvæði. Fjarlægja skal úrgang af lóð þegar í stað. Aksturleiðir skulu vera lagðar bundnu slitlagi. Aðgangur skal bannaður fyrir óviðkomandi.

3.15 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

Sé þess kostur skal skipta út efnum eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja ákvæðum í 2. kafla starfsleyfisins.

3.16 Frágangur framleiðsluvara

Rekstraraðili skal haga framleiðslu sinni í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 415/2014, um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.



3.17 Sæfivörur

Rekstraraðili skal vera með markaðsleyfi fyrir sæfivörur þegar þær eru settar á markað, sbr. reglugerð nr. 878/2014, um sæfivörur.

3.18 Lífræn klórefnasambönd

Umhverfisstofnun hefur veitt rekstraraðila leyfi sem gildir til 1. maí 2018 til markaðssetningar á málningaruppleysinum Mekló vegna þess að hann inniheldur díklórmetan. Leyfið var veitt þann 2. apríl 2013. Fara skal að skilyrðum sem koma fram í leyfinu.

4. INNRA EFTIRLIT OG VÖKTUN

4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa eftirlit með rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal reglulega upplýsingar, t.d. í rekstrarhandbók, um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði,
- mengunaróhöpp og viðbrögð rekstraraðila við þeim,
- prófun og kvörðun tækjabúnaðar,
- tæmingu olúgildra og setþróa ásamt staðfestingu á förgun efnis sem safnast saman í þeim,
- kvartanir sem rekstraraðila berast vegna starfseminnar,
- atvik sem varða lyktsterk efni, sbr. gr. 3.7,
- magn og gerð efnis sem er sent er til endurvinnslu og endurnýtingar sbr. gr. 3.11, ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar,
- magn og gerð efnis sem er sent er til spilliefnamóttöku sbr. gr. 3.12, ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar,
- hitastig þar sem leysiefni eru geymd sbr. gr. 3.4. Skrá skal hitann a.m.k. einu sinni í viku og ef hitasveiflur verða,
- öll aðkeypt efni sem innihalda þungmálma og önnur efni sem talin eru upp í viðauka, lista I og II í reglugerð nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns. Samskonar skrá skal haldin yfir kaup og sölu á efnunum sem innihalda lífræn klórefnasambönd.

4.2 Hávaðamæling

Gera skal eina úttekt á hávaða á gildistíma starfsleyfisins. Hún skal gerð fyrir árslok 2025. Í úttektinni skal m.a. skoða hvort hávaðans sé vart í nærliggjandi byggð.

4.3 Mæling á ryki

Framkvæma skal marktæka mælingu á ryki í útblæstri á vinnslutíma á að minnsta kosti fjögurra ára fresti, sbr. kröfur í grein 3.5. Fyrstu mælingu skal lokið fyrir árslok 2017.

4.4 Framkvæmd mælinga

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu. Mælingar á útblæstri skulu miðaðar við að tekin séu marktæk útblásturssýni í að minnsta kosti hálf klukkustund í einu ef ekki er sérstaklega getið um símælingu, dagleg meðalgildi eða aðra framkvæmd í starfsleyfi, í skýrslum um bestu fánlega tækni eða öðrum viðmiðunum sem eiga við.



4.5 Aðrar rannsóknir

Aðrar mælingar eða rannsóknir til samanburðar við bakgrunnsrannsóknir sem taldar eru nauðsynlegar af Umhverfisstofnun og rekstraraðila skulu framkvæmdar samkvæmt sérstökum samningi milli þessara aðila.

4.6 Skýrslugjöf, grænt bókhald

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um grænt bókhald. Skila skal niðurstöðum árlega í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Skila skal tölum um efni sem falla undir reglugerð nr. 252/1999, um varnir við losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC) sem magntölum (en ekki sem vísitölu) þrátt fyrir ákvæði 7. greinar reglugerðar nr. 851/2002.

Niðurstöður hávaðamælinga og mælinga á ryki, sbr. gr. 4.2-4.3, skal senda eftirlitsaðila jafnóðum og þær liggja fyrir.

5. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 3. eftirlitsflokk samkvæmt 14. lið í fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

6. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi og gildir til 20. júní 2032.

Reykjavík 20. júní 2016

Gunnlaug Einarsdóttir
staðgengill forstjóra

Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri

VIÐAUKI

Yfirlit yfir skiladaga:

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru ákveðnir skiladagar tilgreindir:

- Gera skal eina úttekt á hávaða á gildistíma starfsleyfisins, sbr. gr. 4.2. Hún skal gerð fyrir árslok 2025.
- Framkvæma skal marktæka mælingu á ryki í útblæstri á vinnslutíma á að minnsta kosti fjögurra ára fresti, sbr. kröfur í gr. 4.3. Fyrstu mælingu skal lokið fyrir árslok 2017.
- Grænu bókhaldi skal skila árlega í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um grænt bókhald.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og meginþexta starfsleyfisins gildir meginþextinn.

FYLGISKJAL

Ákvörðun losunarmarka:

- Losunarmörk á ryki, sbr. gr. 3.5 eru ákvörðuð óbreytt frá fyrra starfsleyfi rekstraraðila sem var gefið út af Umhverfisstofnun 30. desember 2003.